

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum.

1. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 106,68 á hemil á mánuði.

Vatnsgjald er kr. 191,88 fyrir hvern lítra á mínútu á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 609/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A) Samkvæmt magnhemli kr. 476,30 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B) Samkvæmt vatnsmæli kr. 23,80 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Pegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatns-nota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Jöfnur í 7. gr. gjaldskrárinnar, sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi verði þannig:

A-liður: $H = 17\,010,00 + 18,50 \times V$

B-liður: $H = 25\,525,00 + 27,80 \times V$

C-liður: $H = \frac{H_n}{17\,010,00 \times n + 18,50 \times V_n} \times (17\,010,00 + 18,50 \times V)$

11. gr. gjaldskrárinnar, fyrsta málsgrein, orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 1982, 1331 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 609/1982 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.